

Línuhönnun hf
Baldvin Einarsson
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

2003040041
0000; 9310

Reykjavík, 3. júlí 2003

Efni: Tengibraut, Grafarholt - Úlfarsfell í Reykjavík. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 3. júní 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt tengibraut, Grafarholt - Úlfarsfell samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 26. júní 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 13. júní 2003, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 10. júní 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. júní 2003 og frá veiðimálastjóra með bréfi dags. 23. júní 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 19., 20., 23. og 24. júní 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða nýlagningu rúmlega 500 m tengibrautar frá hringtorgi við Jónsgeisla og Reynisvatnsveg í Grafarholtshverfi, norður fyrir gatnamót við safngötu í fyrirhuguðu íbúðarhverfi í suðurhlíðum Úlfarsfells. Gert er ráð fyrir einni akrein í hvora átt. Brautin muni liggja nær lárétt yfir votlendi sunnan Úlfarsár og þvera ána um það bil 200 m frá hringtorginu. Á þessum kafla verður brautin á um 3-4 m hárrí fyllingu yfir landi sem nú er óraskað. Fram kemur að fyrirhugað sé að byggja tvíbreiða 28 m brú í einu hafi yfir Úlfarsá og verði hæð brúargólfs um 3-4 m. Gert sé ráð fyrir að hægt verði að ganga undir brúna beggja megin árinna. Reiknað sé með að gatnamót tengibrautarinnar við safngötuna verði T-gatnamót með umferðarljósum. Lega brautarinnar til norðurs frá safngötunni hafi enn ekki verið ákveðin, þar sem uppi séu hugmyndir um breytingu á skipulagi umferðarkerfis við Vesturlandsveg.

Gert er ráð fyrir að heildarrúmmál fyllinga verði um 25.000 m³ og allt efni verði sótt í námur sem hlotið hafa rekstrarleyfi þar til bærra yfirvalda. Fram kemur að göngustígur muni liggja milli Grafarholts og Úlfarsfellshlíða meðfram tengibrautinni að austanverðu og yfir brúna. Tvenn undirgöng verði undir tengibrautina, annars vegar rétt norðan við hringtorgið við Jónsgeisla og Reynisvatnsveg og hins vegar u.þ.b. 150 m norðan við brúna yfir Úlfarsá. Aðrar gönguleiðir svo sem göngustígar sem liggi sitthvoru megin árinna svo og reiðleið meðfram Reynisvatnsvegi séu ekki hluti þessarar framkvæmdar en þær muni liggja um þessi undirgöng.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu rask á því landi sem brautin fer um. Framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á rennsli Úlfarsár eða vatnasvið hennar. Hvorki árfarvegi né bökkum árinna verði raskað og er lögð á það áhersla að áin gruggist ekki meðan á framkvæmdum stendur. Brú yfir ána muni ekki hafa áhrif á flóð í ánni. Samráð verði haft við Fiskiræktar- og veiðifélag Úlfarsár um byggingartíma brúarinnar.

Fram kemur að skv. skýrslu Veiðimálastofnunar sé sérstaða Úlfarsár miðað við aðrar laxveiðiár lítið vatnasvið hennar og lítið rennsli. Það veldur því að áin er viðkvæmari fyrir mengandi efnum í afrennsli frá íbúðarbyggð og einnig minnkandi rennsli ef rigningrvatni verður ekki veitt áfram í ána. Því verði mestu af rigningrvatni svæðisins veitt aftur í ána til að reyna að halda vatnsmagni hennar nokkurn veginn óskertu. Jafnframt verði að gæta þess að hvers kyns mengun sé í lágmarki annað hvort með hreinsun þess á leið til árinna eða með því að veita menguðu vatni beina leið til sjávar. Byggð verði settjörn sem muni þjóna norðurhluta Grafarholts vestan við hringtorg Reynisvatnsvegar og tengibrautarinnar. Ofanvatn tengibrautar sunnan við brúna verði leitt í þessa settjörn. Þá verði byggð önnur settjörn sem þjóna eigi íbúðarbyggð í Úlfarsfellshlíðum og verði ofanvatn af tengibraut norðan brúar leitt í þá tjörn. Sú tjörn muni verða byggð samhliða uppbyggingu hverfis. Öll hönnun tjarna og umbúnaður þeirra verði sambærilegur og við aðrar settjarnir.

Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á grunnvatnsstreymi á framkvæmdasvæðinu. Mýrarjarðvegur undir vegi muni þjappast og lekt hans minnka, en sá hluti fyllingar sem sígi í mýrina sé talinn nægilega gljúpur til að hefta ekki grunnvatnsstreymið.

Fram kemur að reiknað sé með því að hljóðmön verði gerð milli tengibrautar og íbúðarbyggðar til að draga úr umferðarhávaða en verið sé að reikna út hljóðstig við tengibrautina í 2 m hæð.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lega tengibrautarinnar til norðurs frá safngötunni hafi ekki verið ákveðin þar sem uppi eru hugmyndir um breytingu á skipulagi umferðarkerfis norðar, við Vesturlandsveg. Tengibrautin sé nauðsynleg samgönguæð milli hverfa sem nú séu í uppbyggingu og verða byggð í framtíðinni. Ófært sé að vísa þeirri umferð sem muni fara um tengibrautina út á Vesturlandsveg auk þess sem göngutenging milli hverfa sé mikilvæg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Í umsögnum Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfis- og heilbrigðisstofu

Reykjavíkur, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Frekari vegagerð á svæðinu

Í umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur kemur fram að mikilvægt sé að sammögnuð áhrif vegagerðar á svæðinu verði metin heildstætt þar sem framkvæmdin sé hluti af umfangsmeira gatnakerfi sem sé nauðsynlegt fyrir umferð í framtíðinni. Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að æskilegt hefði verið að fjalla um áhrif tengibrautarinnar í heild sinni en ekki eingöngu þann hluta brautarinnar sem hér sé til umfjöllunar.

Náttúrufar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki hafi verið sýnt fram á með rannsóknum hver séu raunveruleg áhrif veglagningar um votlendi. Gera megi ráð fyrir að áhrif vegagerðar séu minnst á flatlendi þar sem vatn geti staðið hátt sitt hvorum megin vegar og minnstar líkur séu á að það renni eftir veginum. Bent er á að landnotkun á svæðinu muni með tilkomu byggðar breytast úr landbúnaðarsvæði í útivistarsvæði og því gefist Reykjavíkurborg tækifæri til að endurheimta það votlendi sem raskað hafi verið með skurðum. Líta megi á slíkar aðgerðir sem mótvægisáðgerðir því ef ekki verði fyllt upp í skurði, sé hætta á að mengunarefni berist eftir þeim út í Úlfarsá.

Fram kemur að Umhverfisstofnun telji, með hliðsjón af ábendingum Veiðimálastofnunar um sérstöðu Úlfarsár og því að um viðkvæman viðtaka sé að ræða, að ekki séu forsendur til þess að bíða með gerð settjarnar norðan megin við brúna eins og framkvæmdaraðili hyggist gera. Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að nauðsynlegt sé að haft verði samráð um framkvæmdir við brúargerð og gerð settjarna vegna mengunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að horft verði til framkominna ábendinga í frekari vinnu. Samráð verði haft við Umhverfisstofnun í samræmi við lög um náttúruvernd.

Hljóðstig

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að þar sem um nýskipulag byggðar í Úlfarsfellshlíðum sé að ræða skuli hafa það að markmiði, svo sem frekast er kostur, að hljóðstig sé undir leiðbeiningargildi reglugerðar um hávaða. Hönnun tengibrautar og hljóðmana eða endanlegt skipulag hverfisins skuli því taka mið af því að hljóðstig frá umferð verði undir 45 dB(A).

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að óraunhæft sé að skipuleggja þetta borgarbyggð með 45 d(B)A leiðbeiningargildi varðandi hljóðvist alls staðar utan við glugga.

Viðmiðunargildið 55 d(B)A verði að liggja til grundvallar. Mestu skipti að kröfur um hljóðvist innanhúss séu ávallt uppfylltar, en það verði gert með góðri hljóðeinangrun húsa.

Fornleifar

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fornleifar hafi ekki verið skráðar á stærstum hluta þess svæðis sem framkvæmdin hefur áhrif á en skráning sé fyrirhuguð á svæðinu í sumari. Fornleifavernd ríkisins telur mikilvægt að samráð verði haft við stofnunina þegar fornleifar hafi verið skráðar og að fullt tillit verði tekið til þeirra mótvægisáðgerða sem stofnunin muni fara fram á varðandi fornleifar sem kunni að finnast.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýlagningu 500 m tengibrautar sem mun liggja frá Grafarholti að suðurhlíðum Úlfarsfells í Reykjavík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila hefur að mati Skipulagsstofnunar verið sýnt fram á að lagning tengibrautar frá Grafarholti að fyrirhugaðri íbúðarbyggð í suðurhlíðum Úlfarsfells sé áfangi sem geti staðið einn og sér verði ekki af frekari áformum um aðra áfanga tengibrautarinnar. Hins vegar tekur Skipulagsstofnun undir umsagnir Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar um að æskilegt hefði verið að fjalla um áhrif tengibrautarinnar í heild sinni.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna lúti einkum að vatnasviði Úlfarsár. Gildi það jafnt um framkvæmdatíma sem og eftir að framkvæmdum er lokið og tengibrautin komin í fulla notkun. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að hraðað verði sem mest byggingu þeirra settjarna sem nauðsynlegar eru til að tryggja að mengandi efni berist ekki út í viðkvæmt vatnasvið Úlfarsár til að áhrif framkvæmdanna verði ekki veruleg. Jafnframt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að þess verði gætt við framkvæmdirnar að raska ekki votlendinu umhverfis ána að óþörfu.

Skipulagsstofnun telur að þar sem sýnt hafi verið fram á að með mótvægisáðgerðum verði unnt að halda hljóðstigi neðan viðmiðunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða í þeim hluta fyrirhugaðs íbúðarhverfis sem næst stendur tengibrautinni þá verði áhrif framkvæmdanna á hljóðstig óveruleg.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að samráð verði haft við Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóra um tilhögun framkvæmda við Úlfarsá vegna viðkvæms vatnasviðs árinna.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning tengibrautar milli Grafarholts og Úlfarsfells í Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Unnt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 þegar gengið hefur verið frá breytingu á því m.t.t. gönguleiða og undirganga, sbr. 21. gr. ofangreindra laga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. ágúst 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur,
Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.